

LEIKSKÓLINN HLÍÐ – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mái 2017



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit

LEIKSKÓLINN HLÍÐ – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI.....	1
Inngangur	3
Leikskólinn Hlíð	3
Greining	4
Viðmiðaraminn	7

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir
Sigrún Einarsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Hlíð sem fram fór í maí 2017. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í maí 2017 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 3.-12. maí. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN HLÍÐ

Leikskólinn Hlíð er sameinaður leikskóli Sóhlíðar og Hlíðarborgar árið 2011. Leikskólinn er staðsettur við Eskihlíð 19 og Engihlíð 8, 105 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 6 deildir og 111 börn voru á leikskólanum í maí 2017. Yngstu börnin eru á Litlu Hlíð, þar eru tvær deildir Baula og Keilir, börn fædd 2014 og 2015.

Eldri börnin eru á Stóru Hlíð, þar eru fjórar deildir, Grábrók, börn fædd 2013 og 2014, Laki börn fædd 2012 og 2013, Askja börn fædd 2012 og Krafla börn fædd 2011.

Leikskólastjóri er Elísabet Auðunsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Auður Helga Kristinsdóttir.

GREINING

Styrkleikar:

Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Samstarf og samábyrgð starfsfólks innan deilda er sýnileg.

Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm. Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum. Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreining. Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni.

Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans.

Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl og er tülkaþjónusta notuð í foreldrasamtölum þegar við á. Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans. Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði. Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum. Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks. Spurningum foreldra er svarað greiðlega af starfsfólki.

Samráð er milli leikskólans og grunnskóla í hverfinu um skipulagsdaga. Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS/þjónustumiðstöð. Öryggis- og rýmingaráætlun liggur fyrir.

Rými er til að veita sérfræðiþjónustu. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning. Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna á leikskólanum. Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik.

Stöðufundir sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra eru haldnir reglulega. Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðiþjónustu utan leikskólans. Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti.

Tækifæri til umbóta:

Gerð verði skólanámskrá með þátttöku starfsfólks og samráð verði haft við börn og foreldra. Leikskólinn setji sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu og þau verði sýnileg í leikskólanum og í starfi hans. Áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar/rekstraraðila endurspeglar í stefnu leikskólans. Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að áhersla sé lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna.

Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni og meti framfarir. Stjórnendateymi fylgist með námi og starfi í leikskólanum og veiti starfsfólki endurgjöf. Að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf starfsfólks í leikskólanum. Sjá til þess að samstarf einkennist af uppbyggilegum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila.

Unnið verði eftir *Verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna*. Starfsfólk fái samningsbundinn undirbúningstíma. Nauðsynlegum upplýsingum verði miðlað til starfsfólks. Að símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans sem eiga að birtast í skólanámskrá.

Samræmi verði milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans. Starfsfólk verði hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi.

Í starfsáætlun verði birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast. Starfsáætlun verði unnin árlega með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins. Starfsáætlun verði birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt.

Að skipulögð viðfangsefni og leikur taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum við börn og taki þátt í leik barna þegar það á við. Starfsfólk nýti daglegar athafnir til náms og samskipta.

Að börnum verði gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins og hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Leitað verði eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Að börn komi reglulega að mati á leikskólastarfi. Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast færni í tungumálinu.

Unnið verði markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endurspeglit bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi deilda.

Unnið verði markvisst að því að efla samskipti barna, efla heilbrigði og vellíðan, uppeldi til sjálfbærni og vísinda og unnið markvisst að sköpun og menningu í leikskólanum og það endurspeglit bæði í námskrá og starfi.

Áætlun verði gerð á mati á námi og velferð barna. Reglulegar skráningar verði gerðar á framförum allra barna. Að mat á hæfni, námi og velferð barna taki til marga þátta. Að mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra. Börn taki þátt í að meta nám sitt, fái tækifæri til að setja sér markmið og fái tækifæri til að koma með tillögum að leiðum í eigin námi.

Skráningar verði nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim.

Leikskólakennarar/deildarstjórar skipuleggi og leiði starf á deildum og veiti faglega forystu og leiðsögn.

Farvegur verði fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda. Deildarfundir verði haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra verði börnin, nám þeirra og staða. Deildarfundir verði vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar.

Að áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglit í verkum og viðhorfum starfsfólks. Samræma reglur og sjá til þess að börnin verði þátttakendur í að búa þær til. Sjá til þess að börn fá hvatningu og hrós sem er ígrundað. Heimasíða leikskólans verði virk og innihaldi hagnýtar upplýsingar.

Foreldraráð fundi reglulega, setji sér vinnureglur og starfsáætlun. Fundir foreldraráðs verði boðaðir með dagskrá og fundargerðir verði aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólalagd og leikskólaþróun verði lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar.

Í skólanámskrá verði fjallað um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf og hvernig markmið leikskólans verði metin markvisst og reglubundið. Setja fram áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann. Stjórnendateymi sjái til þess að mat á starfsháttum fari fram reglulega og að mat og ígrundun á eigin starfsháttum verði liður í daglegu starfi.

Í greinargerð/umbótaáætlun þarf að fjalla um að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun og gagna verði aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu. Sjá til þess að niðurstöður út ytra mati verði nýttar í innra mat. Starfsfólk leikskólans og foreldraráð taki þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati.

Greinargerð/starfsáætlun um innra mat verði birt á heimasíðu leikskólans þar sem koma fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður. Í greinargerð/starfsáætlun um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. Tilgreinar þarf í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir.

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verlag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verlag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verlag.